

Skólanefndarfundur 17.11.2020

Mættir: Íris Róbertsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Kári Bjarnason, Lovísa Inga Ágústadóttir, Rósa Hrönn Ögmundsdóttir, Helga Björk Ólafsdóttir, Helga Kristín Kolbeins.

Skólameistari bauð fundarmenn velkomna og þakkaði skólanefndinni mikinn stuðning á þessum tímum og stjórnaði fundi.

Fundarefni

### 1. Fjármál skólans

Staða fjármála er þökkaleg og gerum við ráð fyrir rekstrarafgangi. Skólameistari átti skólafund 16.11.2020 með ráðuneytismönnum og var farið yfir stöðun. Skólameistari á fund með ráðuneytismönnum á morgun miðvikudag vegna fjárlaga 2021 og svo aftur á föstudag. Rekstraráætlun fyrir árið 2021 hefur verið skilað, en á grundvelli talnaefnis frá árinu 2019 ásamt verðlagsuppbótum. Þar er gert ráð fyrir að rekstarniðurstaða ársins 2020 verði jákvæð, en á árinu 2021 er gert ráð fyrir tæplega 7 milljóna rekstrarhalla.

### 2. Nemendafjöldi, nemendur og skipulag skóla

Skv. fjármálafrumvarpi er gert ráð fyrir 200 nemendum í skólanum á næstu árum. Í dag stunda 215 nemendur nám við skólann, en ekki eru allir í fullu námi. Mikil aukning hefur verið í iðn- og starfsnámi og í haust leit út fyrir að ekki væri hægt að taka við öllum þeim sem sóttu um í vélstjórn, en bætt var við plássum. Grunndeild rafiðna fór af stað í haust eftir nokkra ára hlé.

Í desember er 21 nemandi búinn að skrá sig til útskriftar. Ekki er ljóst hvernig fyrirkomulag útskriftar verður og ræðst það af þeim sóttvarnarreglum sem gilda eftir 02.12.2020.

Skólahald hefur farið fram með óhefðbundnum hætti frá því í mars.

Nemendur hafa staðið sig mjög vel, sýna seiglu og þolinmæði. Brotthvarf hefur ekki aukist, mæting jafnt í staðbundnar og rafrænar kennslustundir hefur aukist. Lokaeinkunnir á vorönn voru ekki slakari en venjulega og fall í áföngum var ekki hærra. Á haustönninni sýna þau tölulegu gögn sem við erum með ekki slakari árangur en venjulega. Skólinn fær niðurstöður úr könnun Framhaldsskólalámsins um mánaðarmótin nóv/des og fæst þá samanburður við haustið 2019 á ýmsum þáttum.

Félagslíf nemenda miðast við að hægt sé að framfylgja sóttvarnarreglum og hafa þau staðið fyrir spurningakeppnum og er ýmislegt fleira á dagskrá.

Í haust voru allir nemendur í staðnámi að einhverju leyti og hafa nemendur á starfsbraut, verklegu námi og listgreinum verið að mestu eða öllu leyti í staðbundnu námi og þannig verður það áfram.

Bóknámið hefur verið kennt að mestu leyti rafrænt frá því í byrjun október.

Nýjar sóttvarnareglur sem kynntar voru fyrir helgi og gilda til 2. desember gefa heimild til að allt að 25. nemendur á framhaldsskólastigi megi vera í sama rými, en þeir mega ekki fara á milli kennslustofa. Í áfangaskóla eins og FÍV fara nemendur á milli stofa eftir hverja kennslustund. Það verður því fjarkennsla út önnina í bóknáminu. Einstaka hópar nemenda hafa fengið að koma inn í skólann undanfarnar vikur og þannig verður það áfram. Fyrirkomulag hlutaprófa og lokaprófa er ólíkt eftir áföngum, bæði eru rafræn próf og staðbundin próf.

Miklar áhyggjur eru af ástandinu og það reynir mjög mikið á bæði nemendur og kennara. Mikilvægt er að skipuleggja skólastarfið með öðrum hætti á vorönn.

Verið er að vinna að hvernig hægt sé að aðlaga skólann þannig að hægt sé að hafa staðnám þegar sóttvarnareglur eru í gildi. Stefnt er að meira staðnámi á vorönn.

### 3. Græn skref og loftlagsstefna

Á árinu 2020 er lögð áhersla á m.a. að allar stofnanir ríkisins og þar með FÍV setji sér loftlagsstefnu og efla vistvænan rekstur og vinni að því að uppfylla öll fimm grænu skrefin í ríkisrekstri fyrir 01.06.2021.

Fyrsta skrefið til að ná þessum markmiðum er að stofna vinnuhóp og hefur verið auglýst eftir starfsmönnum til að koma að þessu verkefni. Skipað verður í hópinn fyrir áramót og er stefnan að ná þessum markmiðum fyrir tilskyldan tíma.

Helga Kristín Kolbeins  
Skólameistari